

**Nd.**

**408. Frumvarp til laga**

[219. mál]

um breyting á lögum nr. 75 1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málslíður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við framlagningu skattskrár vegna álagningar ársins 1982.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Ákvæði um framlagningu á skattskrá hafa verið í lögum hér á landi frá því fyrst voru sett almenn lög um tekjuskatt á árinu 1921. Þessi ákvæði hafa jafnan verið skýrð þannig í framkvæmd að heimil væri opinber birting á upplýsingum þeim er fram koma í skattskrá, og um áratuga skeið hafa þessar skrár í ýmsum sveitarfélögum verið gefnar út og verið fáanlegar almenningi. Í nóvember s.l. komst tölvunefnd hins vegar að þeirri niðurstöðu að sá aðili sem gefið hefur þessar skrár út í Reykjavík á undanförunum árum hefði ekki rétt til slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Bygðri nefndin afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981, 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndar orkar tvímælis að mati fjármálaráðuneytisins. Ótvírætt er að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild er til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald, og gegnir slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Er mikilvægt að sá aðgangur sem almenningur hefur haft að upplýsingum úr skattskráum á undanförunum áratugum verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgir birtingu þessara upplýsinga.